

# Hverfisráð Hríseyjar

## 31. fundur

Þriðjudaginn 3. mars '09 kl. 16.00 var 31. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í fundarsal Íþróttamiðstöðvarinnar og er þetta fyrsti fundur sem haldinn í þessu rými. Mætt voru: Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Fr. Árnason, Hjördís Ýrr Skúladóttir, Guðrún Þorbjarnardóttir, Víðir Björnsson var fjarverandi og varamaður mætti ekki. Gestir fundarins voru Guðríður Friðriksdóttir og Kristján Snorrason frá FAK, Elín H. Gísladóttir forstöðumaður Sundlaugar Akureyrar og Kristinn Svanbergsson íþróttta- og tómsfundafulltrúi Linda setti fund og bauð alla velkomna.

### 1. Málafni Íþróttamiðstöðvarinnar

1. Rætt um "sviðið" greinilegur galli er í undirstöðum, Kristján telur að það megi auðveldlega laga svo tryggt sé að fætur leggist ekki niður þegar sviðið er í notkun, einnig var rætt um að fá laust færanlegt svið sem hægt er að setja upp þegar stærri viðburðir eru, það verður kannað nánar.
2. Búnaður s.s. hljóðkerfi, hljóðfæri og annað sem tengist útleigu á salnum. Allir sammála um að leita leiða til að fjárfest í slíku.
3. Auglýsa þarf þessa frábæru aðstöðu sem hægt er að nýta jafnt til ráðstefnu- og veisluhalda eða íþróttiðkunar. Guðríður telur eðlilegast að frumkvæðið komi frá heimamönnum, aðrir taka undir það. Hverfisráði falið að skoða þetta í samráði við Akureyrarstofu og Markaðsráð í Hrísey.
4. Kvartað hefur verið undan að sturturnar séu ekki góðar, og niðurföll sífellt að stíflast einnig þarf að skoða brunakerfi sem sífellt er að fara í gang vegna gufu frá sturkuklefa.
5. Að lokum var rætt um opnunartímann. Kristinn staðfesti að ekki verið gerðar neinar breytingar til vors og opnunartími í sumar verið sá sami og sl. sumar. Gestum þakkað fyrir að mæta á fundinn og fóru þau til baka með ferjunni kl. 17:00.

### 2. Sjúkraflutningar frá Hrísey.

Undir þessum lið mætti Gísli Einarsson frá Björgunarsveitinni á fundinn. Björgunarsveitin hefur annast sjúkraflutninga innan eyjarinnar undanfarin ár í sjálfboðavinnu. Lagði hann fram gögn um samskipti sín við Heilsugæsluna á Dalvík. Af þeim er ekki hægt að merkja að nokkur beri ábyrgð á þessum flutningum og við enga hefur verið samið sérstaklega hvorki rekstraraðil ferjunnar né um bíl til að flytja sjúkling í börum til skips. Það kom fram að hann hafi verið boðaður á fund hjá Heilsugæslunni fyrir sjúkraflutningsmenn á Dalvík þriðjudaginn 10. mars.

3. **Önnur mál**  
Formaður lagði fram bréf frá skipulagsdeild svar við erindi sem formaður hverfisráðs sendi 3. febr.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45

Linda María Ásgeirsdóttir  
Kristinn Fr. Árnason  
Hjördís Ýrr Skúladóttir  
Guðrún Þorbjarnardóttir

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Guðrínu Kristjánsdóttur